





Stigið út úr flugvélinni og beint á bak fílsins.

Ljós. Þóroddur Áskell.



Starfsfólk Tiger Top býr í tjöldum sem þessum.



Bátsferð niður fljótið Narayni, þar sem mátti sjá krókódíla svamla í kringum bátinn.



Vistarverur gesta voru reistar á þriggja metra háum súlum.



Fórnarathöfn við ána Dakhri.

þar sem grasið er 4-5 metra hátt á regntímabilinu en lækkar eftir því sem líður á veturinn. Menn sitja á baki fílsins í körfum með öku-mann fyrir framan sig, sem situr á hálsi dýrsins.

Hreyfingar fílsins eru mjúkar og vaggandi og líkist filareid einna helst bátsferð í gegnum gras! Reynt er að leita uppi nashyrninga og elta þá til að ná af þeim góðum myndum. Þetta er ekkert hættulegt. Fíllinn er stór og þungur og ekkert sem haggar honum. Það er alveg sérstök tilfinning að sitja fil og horfa niður á nashyrning með stórt horn og tvær vigtennur og húð sem minnir á brimvarðan skriðdreka. Hægt er að ímynda sér að maður lifi á tímum forsöguedla og dreka en ekki í nútímanum.

Tiger Tops býður einnig upp á frumskógargöngur. Skoðað er jurta- og fuglalíf, sem er einstaklega fjölbreytt og fallegt og önnur

dýr. Til dæmis er farið í dagsferð að afar fallegri tjörn með nokkurra metra háum fossi og þar baða menn sig. Síðan er gengið niður með ánni Dakhri þar sem bíða fílar, sem bera ferðamennina heim.

Bátsferðir niður ána Narayni er líka vinsæl. Skoðaðir eru krókódílar, nashyrningar og hið einstæða útsýni sem þarna er, sem eru Himalayafjöllin í öllu sínu veldi með Mount Everest.

Ég hitti þarna Þjóðverja sem hafði klifið Mount Everest tvisvar sinnum og komist á toppinn í seinna skiptið án súrefnis. Ég kynntist líka nokkrum nepölskum leiðsögumönnum, sem höfðu klifið tindinn 4-5 sinnum en aldrei orðið frægir, því þeir voru bara leiðsögumenn og þar að auki Nepalara. Þetta finnst mér afar óréttlátt.


Hægt er að fara í lengri gönguferðir. Eitt sinn fór ég með ferðalöngum í vikuféruð upp á fjall, sem

heitir Machhapuchhare, sem útleggst á íslensku fískali. Gengum við upp í 4 þúsund metra hæð. Við höfðum með okkur tjöld, borð, stóla og mat, sem voru borin upp af burðarmönnum og að sjálfsögðu tókum við með okkur kokk. Nutum við útsýnis yfir öll Annapurena-fjöllin, sem eru um og yfir sjö þúsund metra há. Á vegi okkar urðu innfæddir fjallabúar, sem búa upp í allt að 3 þúsund metra hæð. Þetta fólk býr við hörð lífskjör en það er fætt með bros á andlitinu.

Síðir og venjur Nepalbúa eru hrifandi og ég varð ídulega vitni að helgiathöfnum þeirra. Fórnarathöfn við ána Dakhri, sem kölluð er puja, er mér minnststæð. Hún er til að sefa guðina, svo frumskógurinn verði íbúunum hliðhollur. Þremur geitum og 20 hænsum er slátrað. Eftir athöfnina er unnið að dýrunum og þau sett í pott og haldin hátíð. Þá verða allir að koma upp



Hátíð sem þessi er ekki óalgeng á götum Katmandu.




Svamlað í fljótinu Sapt Kosi.

að ánni og fá rauðan blett á ennið og borða. Ég fékk léttan fíðring í magann við að borða þennan mat eftir að hafa séð dýrunum slátrað á villimannlegan hátt. Kannski var það bara ávöxturinn chilli, en hann er afar sterkur, sem olli ógleðinni!

Ég varð aldrei veikur þann tíma sem ég dvaldi í Nepal þó svo ég hafi drukkið vatn beint úr ám, dreypt á heimatilbúnu hrísvíni með innfæddum og borðað hinar furðulegustu máltíðir.

Ég má ekki gleyma að segja frá jeppaferðunum þær eru líka skemmtilegar. Ekið er til þorps sem heitir Kasara, þar eru aldrið upp krókódílar (Ghavia), og fá ferðamenn að skoða þá. Þaðan er farið að náttúrugripasafni sem hefur að



Þessi brú varð á vegi Þóroddar. Þegar gengið var yfir brotnuðu úr henni spýtur og hún sveiflaðist til.